



Fundargerð

1359. fundur bæjarráðs Reykjaneshafnar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
24. febrúar 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Anna Sigríður Jóhannesdóttir varamaður, Baldur Þ.
Guðmundsson aðalmaður, Guðbrandur Einarsson aðalmaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
varamaður, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og
Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Íbúðafélag Suðurnesja (2019051925)

Ragnhildur Guðmundsdóttir og Hólmsteinn Brekkan frá Íbúðafélagi Suðurnesja mættu á fundinn gegnum fjarfundakerfi.

Lagt fram bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna umsókna um stofnframlög ríkisins skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016052.html>

2. Ársskýrslur 2021 (2022020399)

Lagðar fram ársskýrslur sviða og deilda Reykjaneshafnar.

Bæjarráð þakkar greinargóðar skýrslur.

3. Starfsáætlanir 2022 (2021110438)

Lagðar fram starfsáætlanir sviða og deilda Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar.

Bæjarráð þakkar greinargóðar skýrslur.

4. Vefurinn www.visitreykjaneshafnar.is (2021110285)

Nýr vefur www.visitreykjaneshafnar.is var opnaður formlega 17. febrúar sl. Fyrirtæki, stofnanir og félög geta auglýst viðburði sína á viðburðadagatali síðunnar og þar með veitt íbúum betri aðgang að því sem er á döfinni í samfélaginu.

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með tilkomu vefsins.

5. Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022 (2022021125)

Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um almennt eftirlit með sveitarfélögum.



6. Atvinnuleitendur með skerta starfsgetu (2022021101)

Lagt fram bréf frá Vinnumálastofnun um beiðni um aukna samvinnu vegna atvinnuleitenda með skerta starfsgetu.

Bæjarráð vísar málinu til velferðarnefndar til frekari skoðunar.

7. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 8. febrúar 2022 (2022010523)

Fundargerð lögð fram.

8. Umsögn um tækifærisleyfi – Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2022021098)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Umsögn um tækifærisleyfi – Reykjanesbær f.h. Fjörheima (2022021107)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00